

byggingarfulltrúa að stofna lóðina í landeignaskrá Þjóðskrár.

9. liður fundargerðar; Hólasandur – Þeistareykir, umsókn um framkvæmdaleyfi vegna lagningar ljósleiðarastrengs.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfið í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 þegar endanleg lagnaleið og umsögn Minjastofnunar liggur fyrir.

Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

4. Erindi frá Jafnréttisstofu

Fyrir fundinum liggur boð frá Kristínu Ástgeirsdóttur, framkvæmdastýru Jafnréttisstofu dags. 27. apríl s.l. um þátttöku í verkefni gegn ofbeldi. Jafnréttisstofa vinnur að umsókn um verkefnastyrk frá Evrópusambandinu sem nú auglýsir styrki til verkefna sem hafa það að markmið að efla þverfaglegt samstarf þegar kemur að ofbeldi gegn konum og börnum. Sveitarfélögum, lögreglunni, heilsugæslunni, skólum og öðrum sem vinna með kynbundið ofbeldi og afleiðingar þess á Norðurlandi eystra er boðið að taka þátt í verkefninu.

Sveitarstjórn þiggur boðið og samþykkir að taka þátt í verkefninu.

5. Vinna við landsáætlun um uppbyggingu innviða – greining á uppbyggingarþörf.

Fyrir fundinum liggur bréf frá Karli Björnssyni framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 2. maí s.l. Samband íslenskra sveitarfélaga og Stjórnstöð ferðamála hafa komist að samkomulagi um að sambandið vinni að því, í samvinnu við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og verkefnisstjórn sem skipuð verður á grundvelli laga um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, að tryggja yfirsýn um ástand og uppbyggingarþörf á ferðamannastöðum um land allt. Óskað er eftir að hvert sveitarfélag tilnefni tengilið sem taki að sér að safna saman upplýsingum fyrir þessa áætlunargerð.

Samþykkt að tilnefna sveitarstjóra sem tengilið fyrir Þingeyjarsveit.

Til kynningar:

A) Fundargerð 838. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:15

Sumarstarf

Skógrækt ríkisins á Vöglum í Fnjóskadal óskar eftir starfsmanni til sumarstarfa. Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri.

Um er að ræða fjölbreytta vinnu er tengist starfseminni á Vöglum.

Áhugasamir hafi samband við Rúnar í síma: 896-3112 eða sendi póst á netfangið runar@skogur.is



Vinnuskóli Þingeyjarsveitar 2016

Nú stendur yfir skráning í vinnuskólann fyrir sumarið 2016. Áætlað er að vinnuskólinn verði starfræktur á tímabilinu 6. júní - 29. júlí, frá kl. 8:00 – 12:00 alla virka daga.

Sótt er um vinnuskólann á þar til gerðum eyðublöðum sem nálgast má á skrifstofu og heimasíðu Þingeyjarsveitar. Umsóknarfrestur er til **25. maí** n.k. Umsækjendur fá svo sent bréf heim með nánari upplýsingum um vinnutíma, markmið og reglur vinnuskólans.

Rétt til vinnuskólans hafa:

Ungmenni fædd 2000, 2001 og 2002 (8., 9. og 10. bekkur)

Móttaka umsókna og nánari upplýsingar á skrifstofu sveitarfélagsins í síma: 464 3322 og á netfangið:

thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is



Umsjónarmaður fasteigna Framhaldsskólans á Laugum

Laust er til umsóknar starf umsjónarmanns fasteigna við Framhaldsskólann á Laugum. Um 100% starf er að ræða. Í starfinu felst m.a. að:

- Annast daglegan rekstur húsnæðis Framhaldsskólans á Laugum og hafa eftirlit með umgengni um það.
- Bera ábyrgð á aðgengi að húsunum er starfsemi hefst að morgni s.s. vegna snjóa.
- Annast minni háttar viðhald á breiðum grundvelli og hafa góða þekkingu til að meta ástand hverju sinni bæði á húsum og tækjabúnaði.
- Bera ábyrgð á ræstingu og samskipum við ræstingafólk.
- Annast áætlanagerð á sviði viðhalds og endurbóta í samráði við skólameistara og tengilið Ríkiseigna.
- Hafa eftirlit með framkvæmdum vegna lóðar og húsnæðis í samráði við skólameistara og tengilið Ríkiseigna.
- Sjá um slátt lóðar á sumrin.
- Bera ábyrgð á að verkefni sem undir umsjónarmann falla séu unnin samviskusamlega og innan settra tímamarka þannig að skólinn geti hverju sinni veitt notendum sínum sem besta þjónustu.

Krafist er sjálfstæðra vinnubragða, skipulagshæfileika, frumkvæðis, þjónustulipurðar, hæfni í samskiptum og tölvukunnáttu auk þess sem iðnmenntun er kostur. Viðkomandi þarf að vera heilsuhraustur og tilbúinn til að takast á við margvísleg verkefni á skemmtilegum vinnustað. Ráðið er í stöðuna frá 15. ágúst 2016. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknir sem greina frá menntun og starfsreynslu skulu sendar fyrir 1. júní 2016 til skólameistara Framhaldsskólans á Laugum sem veitir allar frekari upplýsingar í síma 464-6301. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á sarngrim@laugar.is. Ekki þarf að sækja um á sérstöku eyðublaði. Umsókn þarf að fylgja sakavottorð í samræmi við 4. mgr. 8. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfum starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson
Skólameistari
Framhaldsskólans á Laugum

Annar rekstrarkostnaður var 25,6 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir og aðhalds því gætt í rekstri.“

*Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2015 samþykktur með fimm atkvæðum fulltrúa A-lista.
Fulltrúar T-lista sátu hjá. Ársreikningurinn verður aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins.*

2. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 19.04.2016
Lögð fram fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 19. apríl s.l. Heiða gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í sjö liðum.

5. liður fundargerða; Jafnréttisáætlun Þingeyjarsveitar 2016-2020.
Sveitarstjórn samþykkir uppfærða jafnréttisáætlun Þingeyjarsveitar 2016-2020

7. liður fundargerðar; Sundlaugin á Laugum.
Sveitarstjórn vísar gjaldskrárbreytingu Sundlaugarinnar á Laugum til síðari umræðu.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 11.05.2016
Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 11. maí s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í níu liðum.

2. liður fundargerðar; Lundur 1, umsókn um stofnun lóðar.
Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðina í landeignaskrá Þjóðskrár.

3. liður fundargerðar; Lundur 1, umsókn um landskipti.
Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðina í landeignaskrá Þjóðskrár.

4. liður fundargerðar; Hrísgarði, umsókn um stofnun lóðar.
Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðina í landeignaskrá Þjóðskrár.

5. liður fundargerðar; Rauðaskriða 2, umsókn um landskipti.
Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðina í landeignaskrá Þjóðskrár.

6. liður fundargerðar; Rauða, umsókn um landskipti.
Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og

**Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
12.05.2016**

**191. fundur
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 12. maí kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Ragnar Bjarnason og Baldvin Kr. Baldvinsson í forföllum Sigurðar Hlyns Snæbjörnssonar. Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskað eftir að bæta á dagskrá undir 5 lið; Vinna við landsáætlun um uppbyggingu innviða – greining á uppbyggingarþörf.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2015 – seinni umræða
2. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 19.04.2016
3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 11.05.2016
4. Erindi frá Jafnréttisstofu
5. Vinna við landsáætlun um uppbyggingu innviða – greining á uppbyggingarþörf

1. Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2015 – seinni umræða

Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2015 lagður fram til síðari umræðu ásamt endurskoðunarskýrslu KPMG.

Fulltrúar T-lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

„Ársreikningur Þingeyjarsveitar endurspeglar misgáfulegar ákvarðanir meirihluta sveitarstjórnar og því sitja fulltrúar T-lista hjá við afgreiðslu ársreiknings ársins 2015.“

Fulltrúar A-lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

„Í ársreiknings 2015 vógu launaleiðréttingar og launahækkanir þung líkt og hjá öðrum sveitarfélögum enda ár mikilla launahækkana. Einnig var farið í umfangsmiklar skipulagsbreytingar í skólamálu. Þessar launaleiðréttingar og kostnaður vegna skipulagsbreytinga vega þungst í niðurstöðu ársreiknings 2015 en hafa ber í huga að um einskíptiskostnað er að ræða og skipulagsbreytingar sem munu skila hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins til lengri tíma lítið.“



Skólaritari Framhaldsskólans á Laugum

Laust er til umsóknar starf skólaritara við Framhaldsskólann á Laugum. Um 75% starf er að ræða. Í starfinu felast öll almenn skólaritarastörf s.s. símsvörun, bréfaskrif, umsjón með upplýsingatöflu skólans og samskipti við nemendur, starfsfólk, skólameistara og foreldra nemenda. Auk þess sér skólaritari um niðurröðun á herbergi heimavistarinnar, útbýr húsaleigusamninga og sér um herbergjaskoðun. Einnig aðstoðar skólaritari við vorþrif á húsum skólans og ber ábyrgð á því að verkefni sem undir hann falla séu unnin samviskusamlega og innan settra tímamarka þannig að skólinn geti hverju sinni veitt notendum sínum sem besta þjónustu.

Krafist er sjálfstæðra vinnubragða, skipulagshæfileika, frumkvæðis, þjónustulipurðar, hæfni í samskiptum og tölvukunnáttu. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn til að takast á við margvísleg verkefni á skemmtilegum vinnustað. Ráðið er í stöðuna frá 15. ágúst 2016. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknir sem greina frá menntun og starfsreynslu skulu sendar fyrir 1. júní 2016 til skólameistara Framhaldsskólans á Laugum sem veitir allar frekari upplýsingar í síma 464-6301. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á sarngrim@laugar.is. Ekki þarf að sækja um á sérstöku eyðublaði. Umsókn þarf að fylgja sakavottorð í samræmi við 4. mgr. 8. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfum starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson
Skólameistari
Framhaldsskólans á Laugum
650 Laugar

Baggaplast söfnun í Þingeyjarsveit og Mývatnssveit

Safnað verður plasti í Þingeyjarsveit dagana 17/5- 19/5 2016

17/5 verður safnað í Aðaldal , Reykjadal og Bárðardal + gámar
18/5 verður safnað í Kinn , Ljósavatnsskarð og Fnjóskadalur + gámar

19/5 verður hreinsað upp það sem eftir er

En dagskrá getur riðlast til eftir veðri eða magni

Safnað verður í Mývatnssveit þann 20/5

Safnað verður eingöngu hreinu baggaplasti. Net og annað setja menn í gáma undir almennt sorp.

Vinsamlegast láta vita í síma 414-0200 eða nordurland@gamar.is



Starfsmaður óskast til starfa hjá Mývatnssveit ehf.

Helstu verkefni starfsmanns Mývatnssveit eru almenn afgreiðslustörf, upplýsingamiðlun til ferðamanna og ferðaþjónustuaðila, umboðssala og uppgjör.

Hæfniskröfur eru sjálfstæði, skipulagshæfni og frumkvæði í starfi. Hæfni í mannlegum samskiptum, almenn tölvukunnátta og góð tungumálakunnátta.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Vinsamlegast sendið inn ferilskrá og umsókn til Guðrúnar Brynleifsdóttur á gudrun@visitmyvatn.is. Nánari upplýsingar í síma 464 4390 / 898 9820.

20. tbl.
19. maí
2016
23. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s:4643366/gsm:8953386



Brautskráning 2016

Ágætu Þingeyingar og velunnarar skólans

Við brautskráum nýstúdentana okkar við hátíðlega athöfn í íþróttahúsinu á Laugum laugardaginn 21. maí kl. 14:00.

Verið öll hjartanlega velkomin að gleðjast með okkur og þiggja kaffiveitingar að athöfn lokinni.

Skólameistari Framhaldsskólans á Laugum